

Kynningarefni vegna nýs matskvarða og vægis flokka námsgreina sem koma til innleiðingar skólaárið 2026 - 2027



Miðstöð menntunar
og skólajónustu

Til athugunar!

Innihald þessa kynningarefnis:

- er unnið af Auði Báru Ólafsdóttur og Brynhildi Sigurðardóttur, sérfræðingum í aðalnámskrá grunnskóla hjá MMS.
- er kynning á fyrstu drögum á útfærslum. Efnið getur því tekið breytingum fram að stuðningsfundum við innleiðingu.
- er til notkunar sem kynningarefni fyrir skólastjórnendur með starfsfólki skóla í ágúst 2026.
- gefur ákveðna mynd af rammanum sem okkur er ætlað að vinna inn í og innleiða.
- fjallar ekki ítarlega um tæknilegar útfærslur á talnakvarða né vægi flokka námsgreina. Á stuðningsfundum við innleiðingu, frá ágúst-október, með innleiðingarteymum skólanna verður farið í tæknilegar útfærslur.
- er ekki ætlað til dreifingar.

Ákvörðun mennta- og barnamálaráðherra

Tilgangur og markmið

Tilgangur með skilgreiningu á samræmdum talnakvarða við einkunnagjöf, við allt lokamat og vitnisburð við lok 4., 7. og 10. bekkjar, er að veita skólum og kennurum verkfæri sem styðja við aukinn námsárangur og skýrara og samræmdara verklag við framkvæmd og birtingu námsmats.

Skýr og samræmdur matskvarði er forsenda fyrir sameiginlegum skilningi allra aðila í skólasamfélaginu.

Ráðuneytið leggur áfram áherslu á fjölbreytt námsmat og að talnakvarði komi ekki í stað faglegs mats kennara á hæfni, framförum og stöðu nemenda.

(Mennta- og barnamálaráðuneytið)



Hvert er verkefnið 2026-2028?

Samkvæmt ákvörðun ráðherra ber öllum skólum að innleiða á tímabilinu:

- a) talnakvarða sem á að nota þegar einkunnir eru gefnar við lokamat.
- b) talnakvarða sem á að nota við birtingu á vitnisburði við lok 4., 7. og 10. bekkjar.
- c) skilgreiningu á vægi flokka námsgreina, sem vitnisburður byggir á.

Opið skjal á vef aðalnámskrár: Forgangsröðun hæfniviðmiða og vægi flokka greinasviðanna



Talnakvarði frá MMR

-Birtur á upplýsingafundum 11.
og 12. ágúst 2026

Merking talna	Talnakvarðinn	Til umræðu í kjölfar kynningarfunda með skólastjórnendum 11. og 12. ágúst s.l.
Ekki notað í vitnisburði og birtingu lokamats	1-3	
Vísar í einstaklingsnámskrá	4	Fram komu athugasemdir um að það eigi að festa þessa einkunn á alla nemendur með einstaklingsnámskrá. MMS mun leiða samtal um lausnir við fagfólk.
Hæfni inn á 1. þrep framhaldsskóla náð	5	
	6	
Hæfni inn á 2. hæfniprep framhaldsskóla náð	7	
	8	
Framúrskarandi hæfni	9	Fram komu athugasemdir um verulegt misræmi sé til staðar í túlkun og skilningi skólafólks á hugtakinu "framúrskarandi hæfni". Einnig að fjöldi foreldra mun skilja einkunnina 10 sem "allt rétt" og eiga erfitt með að skilja að viðmið séu sett umfram þær kröfur sem gerðar eru í námskrá til grunnskólanemenda. MMS mun leiða samtal um lausnir við fagfólk.
	10	



Hvernig er tímalína ráðuneytisins?

-Áfangi 1

Áfangi 1 | Skólaárið 2026-2027 | Tekur formlega gildi vorið 2027

Vinna á skólaárinu:

- Skólar tileinka sér að nota talnakvarða, 1-10, við allt lokamat á skólaárinu, áhersla á 10. bekk.
Sjá glæru 13.
- Skólar tileinka sér vinnubrögð við að setja vægi á flokka námsgreina, áhersla á 10. bekk.
Gefið hefur verið út leiðbeinandi vægi flokka námsgreina til að hefja umræðu um verkefnið. Seinni hluta skólaársins fari fram samtal hagsmunaaðila um samræmingu á vægi flokkanna milli skóla.
- Skólar undirbúa að vitnisburður nemenda við lok 10. bekkjar verði birtur með talnakvarða.
Vitnisburður verði byggður á vægi flokka námsgreina. Dæmi um útfærslu á glæru 14.
- Við vitnisburð nemenda við lok 10. bekkjar verða einkunnir birtar með 1-10 talnakvarða.
Sjá glæru 13.



Stuðningur frá MMS við innleiðingu áfanga 1

Innleiðingafundir á tímabilinu 24. ágúst - 15. október 2026*

- 24. ágúst - 4. september | Matskvarði og vægi flokka - Áherslupættir
- 7.-24. september | Umgjörð náms, kennslu og námsmats, matskvarði og vægi flokka
- 5.-15. október | Innleiðing, samtal um stöðuna, könnun um framhaldið

*Áætlun getur tekið breytingum

Val um fundartíma | Sama dagskrá á öllum fundum

- Þriðjudagar kl. 15:15-16:15
- Miðvikudagar kl. 10:15-11:15
- Miðvikudagar kl. 14:15-15:15



Hvert er hlutverk stjórnenda?

Hlutverk skóla núna?

- Kynna breytingarnar fyrir kennurum við fyrsta tækifæri
- Tilnefna 2-4 manna teymi (þar af 1 tengilið við MMS) mikilvægt er að stjórnandi sé í teyminu.
- **Fyrir 19. ágúst:** Skrá teymið og upplýsingar um það í [Forms skjal](#)
Hlutverk teymisins :
 - a) sækja innleiðingar og upplýsingafundi sem MMS mun halda utan um.
 - b) miðla leiðbeiningum frá innleiðingafundum, setja saman áætlun um innleiðingu og fara fyrir henni í sínum skóla og styðja við kennara skólans í innleiðingarferlinu.

21. ágúst

- MMS sendir fundarboð á tengiliði verkefnisins í hverjum skóla. Tengiliður áframsendir á teymið.



Hvernig er tímalína ráðuneytisins?

-Áfangi 2

Áfangi 2 | Skólaárið 2027-2028 | Tekur formlega gildi vorið 2028

Vinna á skólaárinu:

- Skólar tileinka sér að nota talnakvarða, 1-10, við allt lokamat á skólaárinu, í öllum árgöngum.
Sjá glæru 13.
- Skólar tileinka sér vinnubrögð við að setja vægi á flokka námsgreina, við lok 4., 7. og 10. bekk.
Að afloknu samráðsferli vorið 2027 er stefnt að útgáfu á vægi flokka allra greinasviðanna sem allir grunnskólar eiga að taka mið af.
- Skólar undirbúa að vitnisburður nemenda við lok 4., 7. og 10. bekkjar verði birtur með talnakvarða.
- Við vitnisburð nemenda við lok 4., 7. og 10. bekkjar verða einkunnir birtar með 1-10 talnakvarða.



Gögn og stuðningsefni sem gagnlegt er að hafa til hliðsjónar í
upphafi vinnu við innleiðingu talnakvarða og vægis flokka



Miðstöð menntunar
og skólapijónustu

Efni til ígrundunar

-Leiðsagnarmat, lokamat, vitnisburður

Námsmat greinist í leiðsagnarmat, lokamat og vitnisburður

	Leiðsagnarmat	Lokamat	Vitnisburður
Til hvers?	Kennari veitir nemendum leiðsögn í daglegu námi og mótar skipulag náms og kennslu.	Kennari gefur upplýsingar um stöðu nemenda á afmörkuðum námsþáttum við lok námstímabili.	Kennari gefur upplýsingar um heildarstöðu nemenda á hverju greinasviði við lok skólaárs eða á öðrum tímapunktum sem skóli ákveður.
Hvernig?	Námsmarkmið eru sýnileg, rýnd í sjálfsmati og jafningjamati og rædd í samtölum nemenda og kennara. Kennari beitir fjölbreyttum matsaðferðum til að safna upplýsingum um daglega framvindu nemenda.	Kennari beitir fjölbreyttum matsaðferðum til að meta hæfni nemenda á ákveðnum námsþáttum. Mikilvægt að matsviðmið og matsaðferðir séu í samræmi við þau námsmarkmið sem á að meta.	Felst í að draga saman upplýsingar um heildarárangur nemenda á hverju greinasviði og skrá lokaekinnir samkvæmt matsviðmiðum og -kvarða aðalnámskrár eða viðmiðum sem skóli hefur tekið ákvörðun um að nota.
Hvenær?	Fer fram í öllu daglegu starfi.	Framkvæmt við lok námstímabili.	Framkvæmdur við lok skólaárs.
Hvaða viðmið?	Styðst við námsmarkmið sem sett eru við þau hæfniviðmið sem liggja til grundvallar í skipulagi á hverju námstímabili.	Styðst við matsviðmið. Kennari skilgreinir matsviðmið og getur sótt þau úr nokkrum áttum: Hæfniviðmiðum, námsmarkmiðum eða matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.	Styðst við matsviðmið Aðalnámskrár fyrir 4., 7. og 10. bekk eða útfærslur skóla á þeim fyrir aðra árganga. Við lok grunnskóla ber skólum skylda til að byggja vitnisburð á matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.
Hvaða matskvarði og matstákn?	Ekki mælt með notkun matskvarða eða matstákna. Samtöl um námið byggja á settum námsmarkmiðum.	Matsviðmið verða að liggja fyrir. Hver skóli samræmir notkun kennara á matskvörðum og matstáknum og kennarar útfæra kvarða skólans eins og hentar í ólíkum verkefnum.	Styðst við matsviðmið, matskvarða og matstákn Aðalnámskrár fyrir 4., 7. og 10. bekk eða útfærslur skóla á þeim. Við lok grunnskóla ber skólum skylda til að nota matskvarða Aðalnámskrár grunnskóla.
Hvar eru upplýsingar skráðar?	Engar skráningar nema þær gagnist kennara til að hafa yfirsýn um stöðu nemenda, samtalið við þá um námið og rýni nemenda í eigin stöðu. Námsmarkmið þurfa að vera sýnileg í verkefnalýsingum og námsrýmum.	Staða nemenda gagnvart matsviðmiðum er skráð t.d. með merkingu í hæfnikort. Upplýsingum er miðlað skipulega til nemenda, forsjáraðila og kennara sem vinna áfram með nemendum.	Lokaekinnir og umsagnir skráðar í vitnisburðarspjöld (rafræn og/eða útprentuð) sem birt eru nemendum, forsjáraðilum og næsta skólastigi. Við lok grunnskóla ber skólum skylda til að skrá vitnisburð í staðlað vitnisburðarskírteini MMS.
Hver ber ábyrgð?	Kennari	Kennari	Skólastjóri



1. Drög frá MMS um túlkun á talnakvarða

Tillögur MMS
Spurningar og athugasemdir verða teknar til umræðu á fundum MMS til stuðnings við innleiðingu á nýjum matskvarða og vægi flokka greinasviðanna

Talna- kvarði	Einkunnakvarði í vitnisburði við lok 10. bekkjar	Einkunnakvarði í lokamati	Leiðsagnarmat - Leiðsagnarnám
1-3	Ekki notað.	Getur verið niðurstaða í greiningu kennara á lokamatsverkefnum nemenda, en er aldrei birt nemendum, í staðinn er einkunni 4 birt . Hæfni á þessu stigi kallar á aðlögun og jafnvel einstaklingsnámskrá sem kennari verður að vinna að.	Ekki nota matstákn eða matskvarða. Leiðsögn felst í samtali við nemendur út frá settum námsmarkmiðum.
4	Vísar í einstaklingsnámskrá. Sjá stuðningsefni á vefnum adalnamskra.is. *	Hefur ekki náð tökum á viðmiðunum sem liggja til grundvallar í lokamatsverkefnum námstímabils og þarf aðlögun og jafnvel einstaklingsnámskrá. *	
5	Hæfni inn á 1. þrep framhaldsskóla náð. Hefur að nokkru leyti náð tökum á matsviðmiðum greinasviðsins.	Hefur að nokkru leyti náð tökum á viðmiðunum sem liggja til grundvallar í lokamatsverkefnum námstímabils og þarf frekari þjálfun.	
6	Hæfni inn á 1. þrep framhaldsskóla náð. Hefur að miklu leyti náð tökum á matsviðmiðum greinasviðsins.	Hefur að miklu leyti náð tökum á viðmiðunum sem liggja til grundvallar í lokamatsverkefnum námstímabils en þarf ennþá stuðning við ákveðna þætti.	
7	Hæfni inn á 2. þrep í framhaldsskóla náð. Fullnægjandi hæfni: Hefur náð tökum á matsviðmiðum greinasviðsins.	Hefur náð tökum á viðmiðunum sem liggja til grundvallar í lokamatsverkefnum námstímabilsins.	
8	Hæfni inn á 2. þrep í framhaldsskóla náð. Mjög góð hæfni: Hefur náð tökum á matsviðmiðum greinasviðsins og að einhverju leyti sýnt hæfni umfram þau.	Hæfni inn á 2. þrep í framhaldsskóla náð. Hefur náð tökum á viðmiðunum sem liggja til grundvallar í lokamatsverkefnum námstímabilsins og að einhverju leyti sýnt hæfni umfram þau.	
9	Hæfni inn á 2. þrep í framhaldsskóla náð. Mjög góð hæfni: Hefur náð tökum á matsviðmiðum greinasviðsins og að miklu leyti sýnt hæfni umfram þau.	Hæfni inn á 2. þrep í framhaldsskóla náð. Hefur náð tökum á viðmiðunum sem liggja til grundvallar í lokamatsverkefnum námstímabilsins og að miklu leyti sýnt hæfni umfram þau.	
10	Hæfni inn á 2. þrep í framhaldsskóla náð. Framúrskarandi hæfni: Hefur náð framúrskarandi tökum á matsviðmiðum greinasviðsins og frammistaða er mjög stöðug.	Hæfni inn á 2. þrep í framhaldsskóla náð. Framúrskarandi hæfni: Nemandinn sýnir hæfni sem er að langmestu leyti umfram þau viðmið sem sett voru fyrir lokamatsverkefnið.	

Efni til ígrundunar

-Forgangsroðun hæfniviðmiða og vægi flokka greinasviðanna

Aðalnámsskrá grunnskóla: Forgangsroðun hæfniviðmiða í sjónlistum																			
Flokkur Yfirheiti	Hæfniviðmið - Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	Leiðbeinandi matsviðmið B - Við lok 4. bekkjar getur nemandi	Vægi flokksins við vinnslu vitnisburðar	Hæfniviðmið - Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	5.b.	6.b.	7.b.	Leiðbeinandi matsviðmið B - Við lok 7. bekkjar getur nemandi	Vægi flokksins við vinnslu vitnisburðar	Hæfniviðmið - Við lok 10. bekkjar getur nemandi:	8.b.	9.b.	10.b.	Matsviðmið B - Við lok 10. bekkjar getur nemandi:	Vægi flokksins við vinnslu vitnisburðar
Sköpun.							40%						40%						40%
Aðferðir og efni	skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni,	-	-	-	-	unníð einföld verkefni með þeirri tækni sem hann hefur lært		notað mismunandi efni, verkfæri, mál og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun,	-	-	-	sýnt frumkvæði og nýtt sér viðeigandi aðferðir og tækni við listsköpun		valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unníð hugmyndir í fjölbreytta mál og tækni,	-	-	-	sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í listsköpun og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni	
Útfærsla og tækni	nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð líta- og formfræði og myndbyggingar,	-	-	-	-			nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,	-	-	-			greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun,	-	-	-		
Vinnuferli	útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki,	-	-	-	-	nýtt sér leiðni sína í eigin listsköpun við að vinna með hugmynd til loka verkefnis [...] lýst eigin verkum og beitt orðforða og hugtökum í listum til þess		byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri í myndun, rannsóknum og reynslu,	-	-	-	skapað, útskýrt og sýnt eigin verk frá hugmynd til loka verkefnis [...] lýst og rætt inntak eigin verka og annarra og beitt orðforða og hugtökum í listum til þess		sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m. a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal,	-	-	-	beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa verk byggt á eigin hugmyndun, útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki [...] lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra [...] og beitt orðforða og hugtökum í listum	
Hugmynda- vinna	unníð út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi.	-	-	-	-	unníð einföld verkefni með þeirri tækni sem hann hefur lært. Nýtt sér leiðni sína í eigin listsköpun við að vinna með hugmynd til loka verkefnis		unníð hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíðu verk.	-	-	-	sýnt frumkvæði og nýtt sér viðeigandi aðferðir og tækni við listsköpun. Skapað, útskýrt og sýnt eigin verk frá hugmynd til loka verkefnis		skrasett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin myndunarafl og leða rannsókn, myndrænt og leða í texta.	-	-	-	sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í listsköpun og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa verk byggt á eigin hugmyndun, útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki	
Greining og úrvinnsla.							30%						30%						30%
Tjáning	tjáð tillíningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,	-	-	-	-	beitt hrynjandi og blæbrigðum í verkefnum sínum		tjáð skoðanir eða tillíningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,	-	-	-	beitt og útskýrt hrynjandi og blæbrigði í verkefnum		tjáð skoðanir eða tillíningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið	-	-	-	skapað og túlkað verk með nokkurt tillíningu fyrir hrynjandi og blæbrigðum	
Umfjöllun og endurgjöf	fjallað um eigin verk og annarra,	-	-	-	-			fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur,	-	-	-			gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu, greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, bæði í samfélaginu og á heimsvísu,	-	-	-		
Greining og samhengi	greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því,	-	-	-	-	lýst eigin verkum og beitt orðforða og hugtökum í listum til þess		greint og fjallað um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,	-	-	-	lýst og rætt inntak eigin verka og annarra og beitt orðforða og hugtökum í listum til þess		greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, bæði í samfélaginu og á heimsvísu,	-	-	-	lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt orðforða og hugtökum í listum	
Hugtök	þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.	-	-	-	-			beitt hugtökum og heitum frumþáttum og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	-	-	-			notað orðforða og hugtök frumþátta og lögmála myndlistar til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og lært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati.	-	-	-		
Menning og umhverfi.							30%						30%						30%
Aðferðir og nálgun	greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka,	-	-	-	-			greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margr konar listaverka,	-	-	-			greint hvernig samtímalist fæst við álítmálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér sambættingu listgreina,	-	-	-	lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt orðforða og hugtökum í listum.	
Tilgangur og samhengi	skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar,	-	-	-	-	lýst eigin verkum og beitt orðforða og hugtökum í listum til þess. Rætt um listir og menningu í tengslum við verkefni sín.		gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar,	-	-	-	lýst og rætt inntak eigin verka og annarra og beitt orðforða og hugtökum í listum til þess. Rætt um hlutverk lista og menningar í samfélaginu		gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í fjölbreytt samhengi,	-	-	-	gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki lista í menningar- og atvinnulegum samfélagsins	
Stefnur og straumar	þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra listamanna, lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og þær aðferðir sem beitt var við sköpun verkefna.	-	-	-	-			þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinnar verka.	-	-	-			greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð, bæði hér á landi og erlendis.	-	-	-		

Efni til ígrundunar

-Leiðbeinandi vægi flokka greinasviða

Skólanámskrá xxskóla: Vægi flokka við vinnslu vitnisburðar
ATHUGIÐ - ekki skrá í hvíta reiti, gögn eru sótt úr flípum fyrir hvert greinasvið

Íslenska	Talað mál	Lestur og lesskilningur	Bókmenntir	Ritun	Mál og málotkun		Loka-einkunn
4. bekkur	20%	40%	10%	20%	10%		100%
7. bekkur	20%	30%	15%	25%	10%		100%
10. bekkur	20%	15%	25%	30%	10%		100%

Erlend tungumál	Hlustun og áhorf	Lestur og lesskilningur	Samskipti	Frásögn	Ritun	Menningar-læsi	Loka-einkunn
4. bekkur	10%	30%	30%	10%	10%	10%	100%
7. bekkur	10%	25%	25%	15%	15%	10%	100%
10. bekkur	10%	20%	20%	20%	20%	10%	100%

Náttúru-greinar	Vinnulag	Umhverfið	Lífíð	Efnið	Orkan	Alheimurinn	Loka-einkunn
4. bekkur	20%	20%	30%	10%	10%	10%	100%
7. bekkur	20%	20%	30%	10%	10%	10%	100%
10. bekkur	20%	20%	30%	10%	10%	10%	100%

Skóla-íþróttir	Líkams-vitund o.fl.	Félagslegir þættir	Heilsa og heilsuefning	Öryggi og hreinlæti	Sund		Loka-einkunn
4. bekkur	30%	15%	15%	10%	30%		100%
7. bekkur	30%	15%	15%	10%	30%		100%
10. bekkur	30%	15%	15%	10%	30%		100%

Samfélags-greinar	Vinnulag	Sjálfsmynd	Síðferði og trú	Borgara vitund	Saga	Jörðin okkar	Loka-einkunn
4. bekkur	10%	30%	10%	20%	15%	15%	100%
7. bekkur	20%	20%	10%	20%	15%	15%	100%
10. bekkur	20%	15%	15%	20%	15%	15%	100%

Stærðfræði	Vinnulag	Tölur og reikningur	Algebra	Tölfræði og líkindi	Rúmfræði og mælingar		Loka-einkunn
4. bekkur	20%	40%	10%	15%	15%		100%
7. bekkur	20%	30%	20%	15%	15%		100%
10. bekkur	15%	10%	35%	20%	20%		100%

Uppl.- og tæknimennt	Upplýsinga- og miðalæsi	Sköpun og miðlun	Stálræn borgaravitund	Lausnaleit			Loka-einkunn
4. bekkur	20%	30%	30%	20%			100%
7. bekkur	20%	30%	30%	20%			100%
10. bekkur	20%	30%	30%	20%			100%

Námsgrein							Loka-einkunn
4. bekkur							0%
7. bekkur							0%
10. bekkur							0%

Námsgrein							Loka-einkunn
4. bekkur							0%
7. bekkur							0%
10. bekkur							0%

Skólanámskrá xxskóla: Vægi flokka við vinnslu vitnisburðar
ATHUGIÐ - ekki skrá í hvíta reiti, gögn eru sótt úr flípum fyrir hvert greinasvið

Listgreinar: Dans	Sköpun og túlkun	Samskipti og samv.					Loka-einkunn
4. bekkur	50%	50%					100%
7. bekkur	50%	50%					100%
10. bekkur	50%	50%					100%

Listgr. Leiklist	Sköpun	Túlkun	Samskipti og samvinna				Loka-einkunn
4. bekkur	40%	20%	40%				100%
7. bekkur	40%	20%	40%				100%
10. bekkur	40%	20%	40%				100%

Listgr. Sjónlistir	Sköpun	Greining og úrvinnsl	Menning og umhverfi				Loka-einkunn
4. bekkur	40%	30%	30%				100%
7. bekkur	40%	30%	30%				100%
10. bekkur	40%	30%	30%				100%

Listgr. Tónmennt	Söngur og hljóðfærleið	Sköpun og skráning	Hlustun og greining				Loka-einkunn
4. bekkur	40%	40%	20%				100%
7. bekkur	40%	40%	20%				100%
10. bekkur	40%	40%	20%				100%

Listgr. Lokaeink.	Dans	Leiklist	Sjónlistir	Tónmennt	Lokaeinkunn		
4. bekkur	25%	25%	25%	25%	100%		
7. bekkur	25%	25%	25%	25%	100%		
10. bekkur	10%	20%	50%	20%	100%		

Verkgr. Heimilisfr.	Verklag	Lífshættir	Menning og umhverfi				Loka-einkunn
4. bekkur	40%	40%	20%				100%
7. bekkur	40%	40%	20%				100%
10. bekkur	40%	40%	20%				100%

Verkgr. Hönn-smí	Verklag	Sköpun, hönnun, tækni	Menning og umhverfi				Loka-einkunn
4. bekkur	40%	40%	20%				100%
7. bekkur	40%	40%	20%				100%
10. bekkur	40%	40%	20%				100%

Verkgr. Textílm.	Verklag	Sköpun, hönnun, tækni	Menning og umhverfi				Loka-einkunn
4. bekkur	40%	0%	20%				60%
7. bekkur	40%	40%	20%				100%
10. bekkur	40%	40%	20%				100%

Verkgr. Lokaeink.	Heimilisfræði	Hönnun og smíði	Textílmennnt	Lokaeinkunn			
4. bekkur	30%	30%	40%	100%			
7. bekkur	30%	40%	30%	100%			
10. bekkur	40%	30%	30%	100%			



Efni til ígrundunar

-Birting námsmats við lok námstímabil/verkefna

Tillögur MMS
Spurningar og athugasemdir verða teknar til umræðu á fundum MMS til stuðnings við innleiðingu á nýjum matskvarða og vægi flokka greinasviðanna

ÍSLENSKA Skólanámskrá Einstaklings	Námstímabil 1	Námstímabil 2	Námstímabil 3	Námstímabil 4	Námstímabil 5	Námstímabil 6	Lokaeinkunn flokks	Vægi í vitnisburði lok 10. b.
Talað mál, hlustun og áhorf		8		7	7		7	20
Lestur og lesskilningur			8			7	7	15
Bókmenntir	8		6	10			8	25
Ritun		6		8		8	8	30
Mál og málnotkun			6		7		6	10
Lokaeinkunn í íslensku vorið 2027 (námundað að heilli tölu)							7	

MMS mun fylgja okkur í gegn um innleiðinguna!

Höldum áfram að:

- Hæfnimiða allt nám og kennslu og einstaklingsmiða.
- Skipuleggja nám og kennslu samkvæmt leikreglum skólans.
- Nota leiðsagnarmat og leiðsagnarnám. Hugum að því að þá eru ekki gefnar einkunnir í tölum. Leiðsagnarmat snýst um samtal.
- Leggja fyrir vandað lokamat – Túlkun á talnakvarðanum verður orðin skýrari í september.



Skráning ábendinga og athugasemda.

- Ábendingar og athugasemdir varðandi efni þessarar glærukynningar eru vel þegnar.
- Spurningar vegna efnisins verða teknar til umræðu á fundum til stuðnings við innleiðingu á nýjum matskvarða og vægi flokka.

